

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Félagsmálaráð fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Seltjarnarnesi. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum félagsmálastjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða að öðrum tilvísunum, sem félagsmálastjóri metur gildar og þjónustu aðra en hjúkrun, vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálastjóri metur að nauðsyn sé á hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

- 1) Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
- 2) Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
- 3) Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru veik.
- 4) Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
- 5) Önnur tilfelli, sem meta skal hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálaráð gangist fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk heimilisþjónustunnar eða gefi því kost á að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína á þessu sviði.

4. gr.

Félagsmálaráði ber að ganga örugglega úr skugga um, að þeir aðilar er heimilishjálpinna stunda, séu hæfir til starfans og séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi.

5. gr.

Félagsmálaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

6. gr.

Félagsmálaráð setur starfsfólki heimilisþjónustunnar ákveðnar starfsreglur.

7. gr.

Bæjarsjóður Seltjarnarness ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslið það er vinnur á vegum heimilisþjónustunnar kann að valda við störf sín.

8. gr.

Fyrir heimilisþjónustuna samkvæmt reglugerð þessari, skal sá er hjálpar nýtur, greiða eftir taxa er bæjarstjórn setur. Þar skal tekið tillit til tekna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinna. Skal taxi þessi breytast í samræmi við breytingar á launum. Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta í þessu efni.

9. gr.

Skrifstofa Seltjarnarnessbæjar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar hennar færðir með öðrum reikningum bæjarsjóðs og endurskoðast með sama hætti.

10. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 413 21. september 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar með fulla tekjutryggingu greiða ekki heimilisþjónustu.

2. gr.

Aðrir greiða helming launakostnaðar samkvæmt samningum Sóknar.

3. gr.

Gjaldskráin taki breytingum í samræmi við breytingar sem kunna að verða á reglugerðum vegna laga um almennar tryggingar svo og samningsbundinna launahækkana.

Gjaldská þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 153 22. febrúar 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.